



SAMBAND ÍSLENSKRA KAUPSKIPAÚTGERÐA

ICELANDIC SHIPOWNERS' ASSOCIATION

Alþingi
Erindi nr. P 127/1293
komudagur 15.3.2002

Samgöngunefnd Alþingis
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 15. mars 2002.

FRUMVARP TIL LAGA UM BREYTINGU Á SJÓMANNALÖGUM NR. 35/1985
MÁL 418. BÓTARÉTTUR.
UMSÖGN SAMBANDS ÍSLENSKRA KAUPSKIPAÚTGERÐA.

Samband íslenskra kaupskipaútgerða, SÍK, þakkar bréf samgöngunefndar Alþingis dags 19. febrúar s.l. þar sem óskað er umsagnar SÍK um ofangreint frumvarp til laga um breytingu á sjómannaölgum.

Efni frumvarpsins varðar hagsmuni íslenskra kaupskipaútgerða og jafnframt hagsmuni annarra útgerðaraðila á Íslandi. Þar sem skoða verður efni frumvarpsins í ljósi gildandi kjarasamninga, sjómannaölgum og þeirra ákvæða sem gilda um hliðstæðan rétt launþega í landi, hafa aðilarútgerðir SÍK leitað til Samtaka atvinnulífsins um upplýsingar. Einnig hefur SÍK átt viðræður við LÍU um málið.

Þó svo að Samtök atvinnulífsins séu ekki umsagnaraðilar um efni þessa frumvarps hafa aðildarútgerðir SÍK, sem eru Eimskipafélag Íslands h/f, Nes h/f, Nesskip h/f og Samskip h/f, orðið ásáttar um að fela Samtökum atvinnulífsins að semja og skila umsögn um ofangreint frumvarp til samgöngunefndar Alþingis í nafni aðildarútgerða SÍK. Jafnframt er gert ráð fyrir að slík umsögn verði einnig gerð í nafni Landsamband íslenskra útvegsmanna.

Samband íslenskra kaupskipaútgerða biðst velvirðingar á þeim drætti sem orðið hefur á því að skila inn umsögn um ofangreint frumvarp en vonast er til að sameiginleg umsögn í nafni Samtaka atvinnulífsins berist samgöngunefnd eigi síðar en n.k. mánudag.

Virðingarfyllt
Samband íslenskra kaupskipaútgerða

Ólafur J. Briem